

Leið ungmenna frá skóla til vinnu

Jóhanna Rósa Arnardóttir



Jóhanna Rósa Arnardóttir, félagsfræðingur, PhD

Leið ungmenna frá skóla til vinnu er mikilvægt rannsóknarefni sem beinist að því að kanna hvernig ungu fólki vegnar á vinnumarkaði að loknu námi. Jöfn tækifæri til náms og síðan til að fá starf að loknu námi er eitt af grundvallarmarkmiðum stjórnvalda til að bæta stöðu fólks í samfélaginu. Markmiðið með þessari grein er að auka skilning á stöðu ungmenna á aldrinum 16–34 ára frá skóla yfir á vinnumarkað. Skoðuð eru núverandi störf, fyrsta starfið að loknu námi og hvaða aðferð svarendur notuðu til að fá fyrsta starfið. Stuðst er við kenningu um tækifæri ungmenna á vinnumarkaði (e. *opportunity structure theory*) (Roberts, 2009) og félagsleg tengsl (e. *social network theory*) (Coleman, 1991; Granovetter, 1995; Müller og Gangl, 2003; Rosenbaum og Jones, 2000).

Kenningin um tækifæri ungmenna á vinnumarkaði er sú að staða þeirra ráðist af þeim störfum sem eru á vinnumarkaði en tækifærin eru einnig mismunandi eftir þjóðfélagsstöðu og geta ráðist af fjölskyldubakgrunni, menntun, starfsleitaráferðum atvinnurekenda og skipulagi á vinnumarkaði (e. *labour market processes*). Samkvæmt þessari kenningu þarf að skoða hvaða störf ungmenni fá á vinnumarkaði, greina þarf stöðu þeirra eftir menntun, fjölskyldubakgrunni og kanna hvernig þau fá þessi störf og hvaða tækifæri eru til staðar. Samkvæmt kenningunni um félagsleg tengsl eru upplýsingar lykilatriði í að finna rétta starfið fyrir ungmenni og fyrir atvinnurekanda til að finna rétta starfsfólkið. Þannig er gert ráð fyrir að þegar illa gengur megri rekja það til þess að viðkomandi skorti upplýsingar, og þegar upplýsingar eru nægar þá geti ungmenni fundið heppilega leið inn á vinnumarkaðinn. Ráðningarviðtöl eru dæmi um það hvernig atvinnurekandi safnar upplýsingum um umsækjendur sem gera honum kleift að velja þann sem hentar starfseminni best. Fyrir ungmenni sem nýlega hafa lokið námi getur verið erfitt að safna nægilega góðum upplýsingum um hvaða starf henti þeim best og það á ekki síst við þegar atvinnuhorfur eru síbreytilegar. Fjölskyldubakgrunnur getur

skipt máli þar sem fjölskylda og vinir geta haft aðgang að mismunandi þjóðfélagsþópum. Menntun foreldra getur sagt til um tengslanet ungmenna þar sem þeir sem hafa mikla menntun eru líklegri til að gegna hærra settum störfum og hafa þannig tengsl við fólk sem vinnur við svipaðar aðstæður. Hafi foreldri háskólapróf er það einnig merki um betri efnahag. Menntun ungmenna skiptir máli þar sem þeim sem lokið hafa háskólaprófi gengur betur en þeim sem ekki hafa lokið námi.

Rannsóknir hafa sýnt að breytt efnahagsástand, alþjóðavæðing, tækniþróun og breytt starfsumhverfi hefur gert ungmennum erfðara fyrir að fóta sig á vinnumarkaði að loknu námi nú en áður. Sérstaklega er staða ungmenna sem ljúka ekki námi slæm þar sem hætta er á því að þau verði útundan í samfélagi sem byggist á viðamikilli tækniþekkingu, tungumálakunnáttu og vel þjálfuðum vinnubrögðum við að setja sig inn í ný og framandi verkefni. Það að sækja um starf án prófgráðu verður eins konar merki um vangetu og vanþekkingu (sjá m.a. Furlong og Cartmel, 2007; Granovetter, 1995; Kerckhoff, 2000; Lauder o.fl., 2006; Machin, 2009; Müller og Gangl, 2003; Olofson og Panican, 2008; Ólafsson og Arnardóttir, 2008; Roberts, 2009). Roberts (2009) heldur því fram að þetta nýja umhverfi geri ungmennum erfitt fyrir, enda hafi þau ekki starfsreynslu, tengslanet eða önnur úrræði til að sækja í. Skýringanna sé ekki að leita í litlum metnaði ungmenna til að vinna heldur í því kerfi sem byggt hefur verið upp frá iðnbyltingu og fólk þarf að taka þátt í. Roberts (2009) telur mikilvægt að skoða hvers konar störf ungmenni fá að loknu námi og hvernig þau festi sig þar í sessi. Fjölskyldubakgrunnur og stéttaskipting samfélagsins skiptir máli þar sem sumir hafa betri aðgang að góðum störfum og menntun en aðrir. Þær aðferðir sem notaðar hafa verið í Bretlandi til að aðstoða ungmenni í atvinnuleit hafa borið lítinn árangur (Roberts, 2009).

Á Íslandi hafa átt sér stað miklar breytingar í atvinnuháttum frá frumframleiðslu til þjónustu eins og gerst hefur hjá öðrum vestrænum þjóðum þar sem fólki fækkaði í landbúnaði en fjölgaði í iðnaði og öðrum úrvinnslugreinum. Á síðari hluta 20. aldar fjölgaði mjög störfum í þjónustu samhliða aukinni efnalegri velmeg-



un og er það merki um að við séum að þróast til þjónustubjóðfélags (Stefán Ólafsson, 1990, 1992; Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005). Á þessu tímabili hefur átt sér stað nýsköpun, ekki síst á tækni sviðinu, með þróun búnaðar til að auka framleiðni í landbúnaði, fiskveiðum og iðnaði. Alþjóðavæðingin hefur haft í för með sér meiri samkeppni á mörkuðum um vöru og framleiðsla hefur verið flutt til landa þar sem laun eru lægri og þar með framleiðslukostnaður. Dæmi eru um að iðnaður hafi nánast lagst af svo sem störf setjara í prentiðnaði og fataiðnaður hefur flust til landa þar sem vinnuafli er ódýrara (Stefán Ólafsson, 1992). Í þessu umhverfi hefur verið lögð áhersla á að auka menntun þegnanna og það talið lykkillinn að því að búa til störf og veita þeim sem verr eru settir betri tækifæri til að fá góð störf. Skólasókn hefur aukist mjög síðustu áratugi og mikilvægt er að skilja að hvaða marki aukin menntun leiðir til betri stöðu á vinnumarkaði (Andersen, Hougaard og Ólafsson, 2011; Gerður G. Óskarsdóttir, 1995, 2000; Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004; Jón Torfi Jónasson, 1992, 1996; Stefán Ólafsson, 1992).

Aðferð

Niðurstöður eru byggðar á eigin úrvinnslu úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands (VMK) fyrir árin 2006–2008 og á öðrum ársfjórðungi 2009 en þá var einnig bætt við viðhengi um fyrsta starfið meðal 16–34 ára ungmenna. Þetta er símakönnun og í úrtakinu eru tæplega fjögur þúsund manns á hverjum ársfjórðungi á aldrinum 16–74 ára af öllu landinu sem skráðir eru í þjóðskrá og með lögheimili hér á landi, og er svarhlutfall 80–85%.

Fyrsta starfið er fyrsta starf sem svarandi gegndi í meira en þrjá mánuði eftir að formlegu námi lauk og viðkomandi hugðist ekki fara í frekara nám. Ungmenninn sem eru í launavinnu eina klukkustund eða meira í síðustu viku telst vera í vinnu. Menntun er flokkuð samkvæmt alþjóðastaðlinum ISCED 97 í þá sem hafa einungis lokið grunnskólaprófi (ISCED 1, 2), þá sem hafa lokið starfsnámi á framhaldsskólastigi fyrir neðan háskólastig (ISCED 3c og 4c), þá sem hafa lokið almennu bóknaði á framhaldsskólastigi en fyrir neðan háskólastig (ISCED 3a b og 4a b) og þá sem hafa lokið háskólanámi (ISCED 5 og 6). Störf eru flokkuð samkvæmt ÍSTARF-95 sem byggist á alþjóðastaðlinum ISCO-88. Menntun foreldra vísar í hæstu menntunargráðu sem annað foreldri hefur lokið og er einnig flokkað samkvæmt ISCED 97 í þá sem hafa litla menntun (ISCED 1, 2 og 3c styttra en tveggja ára fram-


haldsskólanám), þá sem hafa lokið framhaldsskólanámi en ekki á háskólastigi (ISCED 3 a b og c lengri, 4) og þá sem hafa lokið háskólanámi (ISCED 5 og 6).

Í krosstöflum er notað kí-kvaðrat próf til að meta hvort marktækur munur sé á hópum og notuð er stjarna til að sýna þegar svo er, þar sem ein stjarna merkir $p < 0,05$; tvær stjörnur $p < 0,01$; og þrjár stjörnur $p < 0,001$. Niðurstöður sýna annars vegar stöðuna fyrir meðaltal árunna 2006–2008 og hins vegar á öðrum ársfjórðungi 2009.

Niðurstöður

Atvinnuþátttaka hér á landi var 81% árið 1991, 83% árin 2006 til 2008 og 81% árið 2009 (Hagstofa Íslands, e.d.).

Á mynd 1 er sýnt hlutfall þeirra sem eru í vinnu og eru



Mynd 1. Hlutfall fólks sem er í vinnu og ekki í námi og hlutfall fólks í fullu starfi og með fastráðningu eftir aldri, meðaltal árunna 2006-2008 (Heimild: eigin úrvinnsla úr VMK)

ekki í námi annars vegar og hins vegar þeirra sem eru í fullu starfi og með fastráðningu. Gögnin sýna meðaltal fyrir árin 2006–2008 greint eftir aldri. Þannig má sjá að meðal þeirra sem eru 16 ára eru 11% í vinnu og ekki í námi, þetta hlutfall er 45% meðal þeirra sem eru 20 ára, 73% meðal þeirra sem eru 27 ára og um 81% meðal þeirra sem eru 34 ára. Myndin sýnir vel hve hátt hlutfall er að vinna og jafnframt ekki í skóla og einnig að þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku virðast aðeins 60% vera í fullu starfi og með fastráðningu og er það reyndin fyrir vinnuaflið í heild (Arnardóttir, 2014a, 2014b).

Þegar við skoðum fyrsta starfið eins og það er skilgreint hér sést að 66% svarenda höfðu unnið í þrjá mánuði eða lengur í sama starfi eftir að formlegu námi lauk (Arnardóttir, 2014a). Meðal þeirra sem höfðu þegar stimplað sig inn á vinnumarkaðinn voru 30% enn í fyrsta starfinu eða um 15% heildarhópsins. Því virðist vera mikil hreyfing á ungmennum í upphafi starfsferilsins. Sum þeirra ákveða að halda áfram námi

Tafla 1. Fyrsta starf og núverandi starf meðal 16–34 ára og til samanburðar er sýnd skipting vinnuafllins á aldrinum 16–74 ára, %

	Fyrsta starfið		Núverandi starf		Vinnuaflið	
	2009	Enn starfandi	2009	2006–2008	2009	2006–2008
Stjórnendur	1,9	6,5	4,5	3,6	10,1	9,0
Sérfræðingar	11,7	27,8	17,2	14,9	20,0	18,2
Sérmenntað starfsfólk	9,7	13,0	15,0	14,2	17,2	16,0
Skrifstofustörf	9,0	7,7	6,8	7,7	6,2	6,9
Þjónustu-, sölu- og afgr.störf	29,8	23,1	29,1	29,3	19,9	20,6
Bændur og sjómenn	3,2	3,0	3,0	2,1	4,0	4,1
Iðnaðarmenn	13,4	10,7	9,6	11,8	11,4	12,1
Vélgæslufólk	3,1	1,8	5,5	5,4	5,3	5,3
Ósérhæft starfsfólk	18,1	6,5	9,4	11,1	5,9	7,7
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Fjöldi	741	169	822	11510	2294	29892

(Heimild: eigin úrvinnsla úr VMK)

en önnur finna sér nýtt starf. Þetta er einmitt það sem ætla má að einkenni ungmenni þegar þau fara úr námi yfir á vinnumarkað.

Í töflu 1 skoðum við nánar hvers konar störf þau fá að loknu námi, hvert núverandi starf er og hvernig þau dreifast á mismunandi störf í samanburði við vinnuaflið í heild. Niðurstöður gefa vísbendingu um hreyfanleika milli starfa og atvinnutækfærin sem í boði eru. Flestir, 30%, vinna við þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörf, næst koma ósérhæfð störf (18%), þá iðnaðarstörf (13%) og sérfræðistörf (12%). Meðal þeirra sem enn eru í fyrsta starfinu eru um 47% í góðum störfum, vinna m.ö.o. sem stjórnendur, sérfræðingar eða sérmenntað starfsfólk, í samanburði við 23% allra 16–34 ára, en álíka hátt hlutfall og vinnuaflið í heild.

Þegar fyrsta starfið og núverandi starf eru borin saman sést sú tilhneiging að ungmenni eru í hærra settum störfum þegar líður á starfsferilinn þótt flestir starfi í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum (29%). Þegar við lítum á atvinnutækifærin á vinnumarkaði með því að skoða hvar heildarvinnuaflið (16–74 ára) starfar sést greinilega sú tilhneiging að ungmenni vinna í lægra settu störfunum á vinnumarkaði. Það bendir jafnframt

til þess að þó að þau byrji neðar þá séu tækifæri til staðar síðar meir þegar önnur störf losna. Þetta sýnir þó einnig að þau sem fara í upphafi í góð störf halda þar áfram. Það gefur þá einnig tilefni til vangaveltna um það hvort sum ungmenni lendi í neðri þrepum starfastigans og komi til með að lenda í erfiðleikum með að færast upp. Því á hverju ári má búast við nýjum efnilegum atvinnuleitendum í góðu störfum. Það má því vel færa rök fyrir mikilvægi þess að kanna þetta nánar út frá menntun foreldra sé það tilfellið að tengslanet ungmenna skipti máli fyrir framtíðarhorfur þeirra á vinnumarkaði.

Í töflu 2 má sjá fyrsta starfið að loknu námi, greint eftir menntun svarenda. Niðurstöður sýna að meðal þeirra sem hafa lokið grunnskólanámi störfuðu 30% við ósérhæfð störf eða vélgæslustörf í fyrsta starfinu. Meðal þeirra sem hafa lokið starfsmenntun störfuðu um 40% við iðnaðarstörf, landbúnað eða fiskvinnslu. Meðal þeirra sem hafa lokið almennu bóknámi störfuðu um 41% við þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörf. Meðal þeirra sem hafa lokið háskólamenntun störfuðu um 66% í hærra settum störfum, þ.e. stjórnendur, sérfræðingar eða sérmenntað starfsfólk.

Tafla 2. Fyrsta starfið að loknu námi eftir menntun svarenda á aldrinum 16–34 ára, %

	Hærra sett störf	Skrifstofustörf	Þjónustustörf	Iðnaðarm., bændur, sjóm.	Ósérhæfð störf	Alls	Fjöldi
Lokið grunnskólanámi	6,6	10,9	31,3	21,4	29,9	100,0	304
Starfsnám	11,3	1,9	31,1	39,6	16,0	100,0	106
Almennt bóknám	14,7	14,0	41,3	6,7	23,3	100,0	150
Háskólanám	65,7	6,1	17,1	3,3	7,7	100,0	181

p<0,001; (Heimild: eigin úrvinnsla úr VMK)



Tafla 3. Hæsta menntunargráða svarenda eftir menntun foreldra meðal 25–34 ára 2009, %

	Lokið grunn- skólanámi	Starfsnám	Almennt bóknám	Háskólanám	Alls	Fjöldi
Lítið nám	36,4	14,7	15,4	33,6	100,0	143
Framhaldssk.nám	26,2	23,8	23,5	26,5	100,0	260
Háskólanám	21,0	9,1	18,3	51,6	100,0	186

p<0,001; (Heimild: eigin úrvinnsla úr VMK)

Tafla 4. Starfsleitaraðferð sem ungmenni á aldrinum 16–34 ára notuðu til að fá fyrsta starfið eftir menntun svarenda og menntun foreldra, %

	Mennta- stofnun	Opinb. stofn.	Auglýs- ing netið	Beint til atv.rek.	Fjölsk., vinir	Unnið þar áður	Annað	Alls	Fjöldi
Allir	5,4	2,9	10,4	39,4	34,6	2,7	4,5	100,0	728
Menntun***									
Lokið gr.sk.	4,0	2,4	5,1	40,7	44,1	1,0	2,7	100,0	297
Starfsnám	7,5	1,9	4,7	36,4	41,1	4,7	3,7	100,0	107
Bóknám	0,7	4,1	19,0	36,7	30,6	3,4	5,4	100,0	147
Háskólanám	10,2	3,4	15,8	41,2	18,1	4,0	7,3	100,0	177
Menntun for.									
Lítið nám	6,2	1,9	9,3	41,4	34,6	3,7	3,1	100,0	162
Framh.sk.nám	4,2	3,2	11,0	38,8	35,0	2,9	4,9	100,0	309
Háskólanám	6,5	2,8	11,0	39,8	32,9	2,0	4,9	100,0	246

***p<0,001; (Heimild: eigin úrvinnsla úr VMK)

Í töflu 3 má sjá hlutfall svarenda eftir hæstu menntunargráðu sem þau hafa lokið, greint eftir menntun foreldra. Niðurstöður sýna vel tengslin milli menntunar svarenda og foreldra þeirra, meðal svarenda þar sem foreldrar hafa litla menntun hafa 36% eingöngu lokið grunnskólaprófi og meðal þeirra þar sem a.m.k. annað foreldri hefur lokið háskólanámi hafa um 52% lokið háskólaprófi. Tengslin milli menntunar svarenda og foreldra er einnig til staðar þegar tekið hefur verið tillit til kyns, aldurs, búsetu og uppruna (Arnardóttir, 2014a, 2014b).

Að lokum er skoðuð sú starfsleitaraðferð sem svarendur notuðu til að fá fyrsta starfið að loknu námi (sjá töflu 4). Niðurstöður sýna að flestir fengu fyrsta starfið með því að sækja um það beint til atvinnurekanda (39%), því næst í gegnum fjölskyldu og vini (35%) en fæstir vegna þess að þeir höfðu áður unnið á viðkomandi vinnustað (3%). Niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir á sviðinu þar sem flestir sækja um starfið beint til atvinnurekanda, til fjölskyldu og vina en sjaldgæft er að nota aðrar aðferðir eins og að svara auglýsingum í dagblöðum eða á Netinu (Granovetter, 1995; Óskarsdóttir, 1995).

Einnig má sjá að starfsleitaraðferðir eru mismunandi eftir menntun svarenda en ekki eftir menntun foreldra. Það vekur athygli að þeir sem hafa lokið háskólanámi

fengu starfið í minna mæli en aðrir í gegnum fjölskyldu og vini. Meðal þeirra sem hafa lokið starfsnámi fengu þó flestir, eða 41%, starfið í gegnum fjölskyldu og vini en 36% með því að sækja um það beint til atvinnurekanda. Einnig má sjá að meðal þeirra sem höfðu lokið háskólanámi höfðu um 10% fengið fyrsta starfið í gegnum menntastofnun en það er mun fátíðara meðal þeirra sem hafa lokið almennu bóknámi eða ekki lokið framhaldsskólaprófi. Einnig má sjá að meðal þeirra sem höfðu lokið framhaldsskólaprófi höfðu einungis 5% fengið starfið vegna fyrri reynslu af því að starfa á vinnustaðnum áður. Niðurstöður sýna að um þriðjungur fær vinnu í gegnum fjölskyldu eða vini, álíka hátt hlutfall svarenda sem eiga foreldra með litla menntun og þeir sem eiga foreldri/a með háskólamenntun.

Kenningin um atvinnutækifæri ungmenna á vinnu- markaði gerir ráð fyrir að greindar séu ráðningaraðferðir atvinnurekanda á vinnu- markaði en í vinnu- markaðskönnuninni er miðað við aðferð sem beitt er af atvinnuleitanda. Rannsókn meðal fimm hundruð fyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins um áramótin 2010–2011 sýndi að þegar þau mátu umsækjendur um starf litu flestir til starfsreynslu, því næst til sérhæfðrar menntunar sem tengdist starfinu, þriðja algengasta at- riðið var samskiptahæfni, það fjórða meðmæli og hið

fimmta menntunargráða umsækjanda, en færri nefndu tölvuhæfni, tungumálhæfni, áhugamál eða annað (Davíð Lúðvíksson, 2011). Þetta bendir til þess að starfsreynsla sé sérstaklega metin af atvinnurekendum sem kemur ungmennum illa sem skortir starfsreynslu þegar þau koma inn á vinnumarkað.

Umræða

Miklar breytingar hafa orðið á vinnumarkaði og í skólakerfinu á liðinni öld. Þrátt fyrir betri lífsskilyrði, tækniþróun og alþjóðavæðingu hafa rannsóknir sýnt viðvarandi tengsl milli tækifæra ungmenna á vinnumarkaði að loknu námi og stéttarstöðu þeirra (sjá m.a. Breen og Jonson, 2005, 2007; Broddason og Webb, 1975; Gallie, 2004; Gerður G. Óskarsdóttir, 1995, 2000; Kerckhoff, 2000; Machin, 2009; Olofson og Panican, 2008; Roberts, 2001, 2009). Þau ungmenni, sem fá tækifæri til að ljúka háskólanámi hér á landi, standa þó jafnt að vígi hvað það snertir að fá góð störf hvort sem menntun foreldra er lítil eða mikil þegar tekið hefur verið tillit til kyns, aldurs, búsetu, uppruna og þess hvort starfið byrjaði fyrir eða eftir efnahagshrunið hér á landi í október 2008. Þau ungmenni sem eiga foreldri sem hefur lokið háskólanámi eru líklegri til að ljúka háskólanámi en hinir. Þannig virðist ójöfnuður endurspeglast í skólasókn hér á landi og því hvort ungmenni ljúki náminu eða ekki. Ef þau ná á annað borð árangri í námi þá eiga þau möguleika á jafngóðri stöðu og aðrir. Þetta endurspeglast bæði hvað varðar fyrsta starfið og núverandi starf (Arnardóttir, 2014a, 2014b).

Rannsóknir hafa sýnt fram á veik tengsl milli skólakerfis og vinnumarkaðar (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995, 2000; Jón Torfi Jónasson, 1992; Ólafsson og Arnardóttir, 2008) og má sjá þess merki í þeim starfsleitaradferðum sem skiluðu fyrsta starfinu. Sjaldgæft er að ungmenni fái starf í gegnum menntastofnun þó að það eigi við um 10% þeirra sem höfðu lokið háskólanámi og 8% þeirra sem höfðu lokið starfsnámi. Algengast er að þau hafi sótt um beint til atvinnurekanda sem er í samræmi við fyrri rannsóknir (Óskarsdóttir, 1995). Um þriðjungur fékk fyrsta starfið í gegnum fjölskyldu eða vini, hærra hlutfall þeirra sem eru með litla menntun í samanburði við þá sem hafa lokið háskólanámi. Hins vegar kom ekki fram marktækur munur á starfsleitaradferðum eftir menntun foreldra. Verður því ekki annað séð en að meginmunur á stöðu ungmenna hvað varðar fjölskyldubakgrunn endurspeglast helst í menntakerfinu sem síðan getur leitt til verri starfa á vinnumarkaði.

Roberts (2009) hefur bent á mikilvægi þess að kanna

leið ungmenna frá skóla til vinnu þar sem menntun, fjölskyldubakgrunnur og starfsleitaradferðir séu þættir sem skipti máli að kanna og sýnir þessi rannsókn að svo sé. Niðurstöður rannsókna minnar benda til þess að atvinnutækifæri ungmenna séu mismunandi og að þau séu líklegri en þeir sem eru eldri á vinnumarkaði til að fá lægra settu störf. Þau sem fá hærra sett störf í upphafi eru líklegri til að halda í störfum og sjá má að menntun gefur sterka vísbendingu um hvers konar störfum þau sinna.

Þakkir

Greinin er byggð á doktorsritgerð höfundar (Arnardóttir, 2014a) en hún er styrkt af Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar, mennta- og menningarmálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti (velferðarráðuneyti) og studd af Tækniskóla atvinnulífsins.

Heimildir

Andersen, F., Hougaard, K. og Ólafsson, S. (2011). *Assessment of the labour market in Iceland*. Aarhus: Danish Technological Institute.

Arnardóttir, J.R. (2014a). *Transition from school to work: Job opportunities by different educational pathways and inactivity in the labour market among 16–34-year-olds in Iceland*. Doctoral thesis in sociology. Reykjavík: University of Iceland, Faculty of Social and Human Sciences.

Arnardóttir, J.R. (2014b). Equal opportunity and transition from school to work in Iceland. *Arctic Antarctic: International Journal of Circumpolar Sociocultural Issues*, 8(8), 109–128.

Breen, R. og Jonsson, J.O. (2005). Inequality of opportunity in comparative perspective: Recent research on educational attainment and social mobility. *Annual Review of Sociology*, 31, 223–243.

Breen, R., og Jonsson, J.O. (2007). Explaining change in social fluidity: Educational equalization and educational expansion in twentieth-century Sweden. *American Journal of Sociology*, 112(6), 1775–1810.

Broddason, T. og Webb, K. (1975). On the myth of social equality in Iceland. *Acta Sociologica*, 18, 49–61.

Coleman, J.S. (1991). Matching processes in the labor market. *Acta Sociologica*, 34, 3–12.

Davíð Lúðvíksson. (2011). *Könnun meðal fyrirtækja í Samtökum iðnaðarins*. Fyrirlestur haldinn á menntaþingi iðnaðarins 9. febrúar 2011. Sótt 9. febrúar 2011 á http://www.si.is/media/menntamal-og-fraedsla/Mennta_dagur2011-DL.pdf.

Furlong, A. og Cartmel, F. (2007). *Young people and social change: New perspectives*. (2. útg.). Berkshire: Open University Press.

Gallie, D. (2004). Unemployment, marginalization risks, and welfare policy. Í Duncan Gallie (ritstj.), *Resisting marginalization. Unemployment experience and social policy in the European Union* (bls. 1–33). Oxford: Oxford University Press.



- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs: Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Háskólaútgáfan.
- Granovetter, M. (1995). *Getting a job*. (2. útg.). Chicago: The University of Chicago Press.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Vefsíða, www.hagstofa.is.
- Hagstofa Íslands. (2010). Vinnumarkaður 1991–2009. *Hag-tíðindi* 2010:8. Sótt 10. maí 2010 á www.hagstofa.is
- Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson. (2004). Gildi menntunar í lífi fullorðins fólks. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 129–143.
- Jón Torfi Jónasson. (1992). Menntun og atvinnulíf. Í Ágúst H. Ingþórsson (ritstj.), *Menntun og atvinnulíf* (bls. 54–83). Reykjavík: Samment.
- Jón Torfi Jónasson. (1996). Þróun íslenska skólakerfisins. Í Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (ritstj.), *Margt er um að velja: Starfsfræði handa efstu bekkjum grunnskóla* (bls. 63–75). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Kerckhoff, A.C. (2000). Transition from school to work in comparative perspective. Í M.T. Hallinan (ritstj.), *Handbook of the sociology of education* (bls. 453–474). New York: Kluwer Academic, Plenum.
- Lauder, H., Brown, P. Dillabough, J. og Halsey, A.H. (ritstj.) (2006). Introduction: The prospects for education: Individualization, globalization, and social change. Í *Education, globalization, and social change* (bls. 1–70). Oxford: Oxford University Press.
- Machin, S. (2009). Education and inequality. Í W. Salverda, B. Nolan og T.M. Smeeding (ritstj.), *The Oxford handbook of economic inequality* (bls. 406–431). Oxford: Oxford University Press.
- Müller, W. og Gangl, M. (ritstj.) (2003). *Transitions from education to work in Europe*. Oxford: Oxford University Press.
- OECD. (2011). *Education at a glance*. Paris: OECD.
- Olofson, J. og Panican, A. (ritstj.) (2008). *Ungdomars vög frá skóla till arbetslivet: Nordiska erfarenheter*. Köbenhavn: Nordiska Ministerrådet.
- Ólafsson, S. og Arnardóttir, J.R. (2008). From school to work: The case of Iceland. Í J. Olofsson og A. Panican (ritstj.), *Ungdomars vög frá skóla till arbetslivet: Nordiska erfarenheter* (bls. 191–245). Köbenhavn: Nordiska Ministerrådet.
- Óskarsdóttir, G.G. (1995). *The forgotten half*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Roberts, K. (2001). *Class in modern Britain*. Hampshire: Palgrave.
- Roberts, K. (2009). Opportunity structures then and now. *Journal of Education and Work*, 22(5), 355–368.
- Rosenbaum, J.E. og Jones, S.A. (2000). Interactions between high schools and labor markets. Í M.T. Hallinan (ritstj.), *Handbook of the sociology of education* (bls. 411–436). New York: Kluwer Academic, Plenum.
- Stefán Ólafsson. (1990). *Lífskjör og lífshattir á Norðurlöndum*. Reykjavík: Iðunn.
- Stefán Ólafsson. (1992). Þróun atvinnutækifæra á Íslandi. Í Ágúst H. Ingþórsson (ritstj.), *Menntun og atvinnulíf* (bls. 19–49). Reykjavík: Samment.
- Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Nýr doktor á sviði félagsráðgjafar

Sigrún Harðardóttir varði doktorsritgerð sína við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands 13. júní 2014. Ritgerðin ber heitið „Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags“. Leiðbeinandi var dr. Sigrún Júlíusdóttir. Aðrir í doktorsnefnd voru dr. Guðrún Kristinsdóttir og dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. Andmælendur voru dr.



Sigrún Harðardóttir

Gestur Guðmundsson og dr. Guðmundur Heiðar Frímannsson. Sigrún er fyrsti kandídatinn sem ver doktorsritgerð í Félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

Sigrún lauk BA-prófi í uppeldisfræði og félagsráð-

gjöf frá HÍ árið 1988, starfsréttindanámi í félagsráðgjöf frá HÍ árið 1989, námi í náms- og starfsráðgjöf frá HÍ árið 1993, uppeldis- og kennslufræði frá HÍ árið 1994 og meistaraprófi í félagsráðgjöf (MSW) frá HÍ árið 2005. Sigrún hefur lengst af starfað við Menntaskólann á Egilsstöðum. Hún starfaði um tíma sem atvinnuráðgjafi hjá Vinnumiðlun Reykjavíkur, framkvæmdastjóri Miðstöðvar fólks í atvinnuleit í Reykjavík og forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Austurlands. Sigrún er lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.